

**Mál nr. 432/2013**  
**M**  
**og T v/ ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Tjón á bifreið vegna malarhrúgu 29. nóvember 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. desember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. janúar 2014 ásamt myndum af vettvangi.
3. Tölvupóstur frá M dags. 12. janúar 2014 og 21. janúar 2014.

**Málsatvik.**

Tjón varð á bifreið þegar henni var ekið á malarbing í götunni Múlalind í Kópavogi um kl. 22 að kvöldi þann 29. nóvember 2013. Í gögnum málsins kemur fram að þá hafi M eða fjölskyldumeðlimir hennar verið nýkomnir heim og þá orðið varir við umræddan malarbing. Einnig er upplýst í málinu að M hafði pantað mól frá fyrirtæki sem selur slíka vöru 11 dögum áður. Bifreiðareigandi gerði kröfu vegna tjóns á bifreiðinni í ábyrgðartryggingu M hjá V og fékk greiddar bætur sem nema helmingi tjóns hans þar sem V taldi að M ætti umræddan malarbing og þar sem hann hafði verið staðsettur út á götu án merkinga að kvöldi umrædds dags bæri M skaðabótaábyrgð vegna þess að ekið var á hann. Greiddar voru bætur úr umræddri ábyrgðartryggingu og M krafinn um sjálfábyrgð vegna greiðslu tjónsins í samræmi við ákvæði vátryggingarsamnings.

M telur meðal annars að hún eða fjölskyldumeðlimir hennar beri ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni. Fyrst og fremst telur M að ekki sé sannað að umræddur malarbingur hafi verið á þeirra vegum, engin tilkynning hafi borist um afgreiðslu áður gerðrar pöntunar M frá því 11 dögum áður auk þess sem M hafi ekki verið rukkuð um þjónustuna. Einnig telur M að bifreiðareigandi hafi átt að gæta varúðar við akstur um götuna og rekja megi tjónið fyrst og fremst til hraðaksturs hans sjálfs.

V telur að M bera skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni þar sem M hafi viðurkennt í skýrslu til V að hafa ekki gert ráðstafanir vegna umrædds malarbings þegar hann varð hans var. V vísar einnig til skyldna í 3.mgr. 77.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem gert er ráð fyrir því að gerðar séu ráðstafanir vegna efnis sem getur haft truflandi áhrif á umferð um akbraut.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð M vegna malarbings sem staðsettur var að hluta út á akbraut við húseign M. Í málinu eru í fyrsta lagi ekki ótvíræðar upplýsingar um að umræddur malarbingur hafi verið á vegum M. Í öðru lagi, þó svo um hefði verið að ræða afgreiðslu á pöntun M 11 dögum fyrr, verður ekki séð að M hafi gefist ráðrúm til ráðstafana áður en tjón varð. Þegar af þessum ástæðum verður M ekki talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni bifreiðareiganda.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík 28. janúar 2014.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Ólafur L. Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.